

BORGARRÁÐ

Ár 2018, þriðjudaginn 11. janúar, var haldinn 5486. fundur borgarráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 9.11. Viðstödd voru auk borgarstjóra: Sigurður Björn Blöndal, Halldór Auðar Svansson, Elín Oddný Sigurðardóttir, Elsa Hrafnhildur Yeoman, Kjartan Magnússon, Áslaug Friðriksdóttir og áheyrnarfulltrúinn Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Stefán Eiríksson, Birgir Björn Sigurjónsson, Ebba Schram, Hrólfur Jónsson, Ólöf Örvarsdóttir, Pétur Ólafsson og Bjarni Þóroddsson
Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

Petta gerðist:

1. Lagðar fram fundargerðir endurskoðunarnefndar frá 27. nóvember og 7. desember 2017. R17010030
2. Lögð fram fundargerð ferlinefndar fatlaðs fólks frá 21. desember 2017. R17010032
3. Lögð fram fundargerð hverfisráðs Breiðholts frá 19. desember 2017. R17010006
4. Lögð fram fundargerð hverfisráðs Grafarvogs frá 19. desember 2017. R17010008
5. Lagðar fram fundargerðir hverfisráðs Háaleitis og Bústaða frá 18. desember 2017. R17010009
6. Lögð fram fundargerð hverfisráðs Kjalarness frá 14. desember 2017. R17010011
7. Lagðar fram fundargerðir hverfisráðs Laugardals frá 18. desember 2017. R17010012
8. Lögð fram fundargerð innkauparáðs frá 22. desember 2017. R17010015
9. Lögð fram fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 20. nóvember 2017. R17010025
10. Lögð fram fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 12. desember 2017. R17010027
11. Lögð fram fundargerð öldungaráðs frá 29. nóvember 2017. R17010035
12. Lögð fram fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs frá 10. janúar 2018. R18010022
B-hluti fundargerðarinnar samþykktur.
13. Lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir umsagnir um rekstrarleyfisumsóknir veitinga- og gististaða sem veittar hafa verið skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013. R18010127
14. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, um embættisafgreiðslur erinda sem borist hafa borgarráði, alls 12 mál. R18010087
15. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 7. desember 2017, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 6. desember 2017 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur vegna lóðarinnar nr. 100 við Nauthólsvæg, ásamt fylgiskjölum. R17120056
Samþykkt.

Borgarráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Borgarráð beinir því til umhverfis- og skipulagsráðs að huga að stýringu á notkun bílastæða á svæðinu og athuga hvort ástæða er til að taka upp gjaldtöku.

Borgarfulltrúinn Kjartan Magnússon situr hjá við samþykkt bókunarinnar.

16. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 9. janúar 2018, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að Reykjavíkurborg leiði loftslagsmaraþon í Reykjavík þann 28. október 2018 með því að leggja til starfsmann tímabundið í kringum viðburðinn og aðstöðu fyrir þátttakendur í þann sólarhring sem loftslagsmaraþonið fer fram. Einnig er lagt til að stutt verði við vinningshafana frá árinu 2017 og 2018 með því að veita viðkomandi liði aðstöðu í 3 mánuði til að þróa verkefnið áfram og aðgang að starfsmanni Reykjavíkurborgar sem leiðbeinanda.

Greinargerð fylgir tillögunni. R18010139
Samþykkt.

- Kl. 9.17 vikur Ólöf Örvarsdóttir af fundinum

17. Lagt fram bréf borgarlögmans, dags. 4. janúar 2018, þar sem lagt er til að borgarráð samþykki að falla frá forkaupsrétti að skipinu Ottó N. Þorláksson RE-203. R15060006
Samþykkt.

18. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 9. janúar 2018, þar sem drög að erindisbréfi starfshóps ríkis, Reykjavíkurborgar og KSÍ eru lögð fram til kynningar. R15020197

19. Lögð fram að nýju tillaga borgarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um úttektarnefnd vegna viðgerða á húsi Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 18. lið fundargerðar borgarráðs frá 21. september 2017. Einnig er lögð fram umsögn borgarlögmans um tillöguna, dags. 9. janúar 2017. R17060170
Borgarráð samþykkir á grundvelli umsagnar borgarlögmans að fresta afgreiðslu tillögunnar þar til matsgerð dómkvadds matsmanns liggur fyrir í matsbeiðnamáli sem Orkuveita Reykjavíkur hefur höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Borgarráð leggur áherslu á og telur mikilvægt að málið verði fullkannað með tilliti til þeirra atriða sem út af standa þegar endanleg matsgerð liggur fyrir í málinu.

20. Lögð fram að nýju tillaga borgfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um opinbera rannsókn vegna tjóns á húsi Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 17. lið fundargerðar borgarráðs frá 21. september 2017. Einnig er lögð fram umsögn borgarlögmans um tillöguna, dags. 9. janúar 2017. R17060170
Borgarráð samþykkir á grundvelli umsagnar borgarlögmans að fresta afgreiðslu tillögunnar þar til matsgerð dómkvadds matsmanns liggur fyrir í matsbeiðnamáli sem Orkuveita Reykjavíkur hefur höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Borgarráð leggur áherslu á og telur mikilvægt að málið verði fullkannað með tilliti til þeirra atriða sem út af standa þegar endanleg matsgerð liggur fyrir í málinu.

21. Lagt fram bréf menningar- og ferðamálasviðs, dags. 19. desember 2017, sbr. samþykkt menningar- og ferðamálaráðs frá 18. desember 2017 á samstarfssamningum til þriggja ára við Nýlistasafnið og Kling og Bang, ásamt fylgiskjölum. R17010183
Samþykkt.

Arna Schram og Signý Pálsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

22. Lagt fram svar skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 5. janúar 2018, við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kaup á landi við Sævarhöfða, sbr. 26. lið fundargerðar borgarráðs frá 23. nóvember 2017. R17110137

23. Lögð fram skýrsla og minnisblað innri endurskoðunar, dags. 2. janúar 2018, um eftirlit með rafrænum kosningum í Hverfið mitt 2017. R17020200
24. Lagt fram bréf fjármálaskrifstofu, dags. 22. desember 2017, sbr. samþykkt innkauparáðs frá 22. desember 2017 á tillögu endurskoðunarnefndar, dags. 4. desember 2017, um endurskoðunarþjónustu fyrir Reykjavíkurborg á reikningsárunum 2018-2022. R18010107
Vísað til borgarstjórnar.
25. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 5. janúar 2018:

Lagt er til að borgarráð samþykki að Reykjavíkurborg semji við Rannsóknarsetur Háskólans á Akureyri og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um gerð tveggja rannsókna vegna 2. áfanga tilraunarverkefnisins um styttingu vinnuvikunnar. Kostnaður vegna þessarar tillögu skal færður af liðnum ófyrirséð, 09205, yfir á liðinn, 09204, sérstakar úttektir og athuganir, alls 7.232.000 kr.

Greinargerð fylgir tillögunni. R14050127
Samþykkt.
26. Lögð fram trúnaðarmerkt drög að umsögn Reykjavíkurborgar, dags. 10. janúar 2018, um frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir og frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, 26. og 27. þingmál. R17120141 R17120142
Borgarráð tekur undir það sem fram kemur í framlögðum drögum og felur sviðstjóra velferðarsviðs og fjármálastjóra að fullvinna umsögnina til Alþingis innan þess frests sem Reykjavíkurborg er veittur.
27. Lögð fram umsögn fjármálaskrifstofu, dags. 8. janúar 2018, um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga. R18010100
Samþykkt.
28. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 8. janúar 2018, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki viðauka við leigusamning um Bankastræti 0 við Prikið ehf., ásamt fylgiskjölum. R16050229
Samþykkt.
29. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 8. janúar 2018, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki kaupsamning við Loftkastalann ehf. vegna þriggja fasteigna á Gufunessvæðinu, ásamt fylgiskjölum. R18010112
Samþykkt.
30. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 9. janúar 2018, þar sem óskað er eftir því að borgarráð samþykki að veita Fjörefli ehf. lóðarvilyrði til þriggja ára fyrir 21.506 fermetra lóð í Gufuneslandi, ásamt fylgiskjölum. R16080126
Samþykkt.
31. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 8. janúar 2018, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Hallarmúli 2, ásamt fylgiskjölum. R17120181
Samþykkt.
32. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 9. janúar 2018, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili skrifstofu eigna og atvinnuþróunar aðkomu að kaupum Hestamannafélagsins Fáks að Brekknaási 9 í Víðidal. Greinargerð fylgir erindinu. R18010148
Samþykkt.

33. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 10. janúar 2017, þar sem tilkynnt er um fyrirhugaða ferð staðgengils borgarstjóra til Parísar vegna verkefnisins Reinventing cities dagana 17. til 18. janúar 2018. R18010150

34. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarráð samþykkir að taka upp viðræður við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og dómsmálaráðuneytið um starfrækslu hverfislögreglustöðvar í Breiðholti í því skyni að styrkja löggæslu í hverfinu. Um yrði að ræða samstarfsverkefni ríkis og borgar og m.a. skoðað hvort borgin gæti séð stöðinni fyrir húsnæði eins og gert var þegar hverfislögreglustöð var áður starfrækt í Breiðholti með góðum árangri. R18010181

Frestað.

35. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að sjálfstætt reknir grunnskólar og leikskólar fái sömu þjónustu hjá Reykjavíkurborg og borgarreknir skólar vegna snjórúðnings og hálkueyðingar. R18010180

Frestað.

Fundi slitið kl. 11.45

Sigurður Björn Blöndal

Halldór Auðar Svansson
Dagur B. Eggertsson
Áslaug María Friðriksdóttir

Líf Magneudóttir
Kjartan Magnússon
Elsa Hrafnhildur Yeoman